

Reykjavík, 18. mars 2024

Skólaráð Rimaskóla – fundur 4 skólaárið 2023-2024

Mætt: Sóley Kría Helgadóttir (10.b) – fulltrúi nemenda, Helga Sveinsdóttir - fulltrúi kennara, Erla Bára Ragnarsdóttir fulltrúi foreldra, Ásgerður Arna Sófusdóttir fulltrúi foreldra, Kristján Magnússon– fulltrúi starfsmanna, Þórunn R. Ólafsdóttir – skólastjóri og ritari.

1. Skólaráð fór yfir kynningarbréf varðandi tilraunaverkefni sem felst í því að bjóða börnum sem eru að ljúka leikskóla og hefja grunnskólagöngu haustið 2024 í sumarstarf frístundaheimila frá því að grunnskóla lýkur fram að skólasetningu grunnskóla í nokkrum hverfum í Reykjavík. Skrifuð var umsögn og send inn.
2. Skóladagatal 2024-2025 lagt fyrir skólaráð. Var samþykkt á kennarafundi 13. mars 2024. Þórunn fór yfir skóladagatalið. Helst má nefna að starfsfólk Rimaskóla er að fara í námsferð til Madrídar í vetrarleyfi í haust. Þar sem flugið er seinnipartinn þann 23. október þá er settur skertur dagur þann dag. Starfsdagur er settur 29. október en þann dag fer í námsferðina. Starfsfólk sem ekki fer í námsferðina vinnur þennan starfsdag í faglegum störfum. Skólaráð fór yfir tillögurnar og samþykkti samhljóða.
3. Farið var yfir öryggismál og húsnæðismál. Framkvæmdir eru við skólann og verið er að bíða eftir klæðningu. Á meðan eru verkamenn að dytta að ýmsu. Gluggaskipti eru fram undan á vesturhlið og svo verður miðbyggingin tekin í sumar. Brunaæfing verður 19. mars og verður áhugavert að taka hana í þessum aðstæðum sem framkvæmdirnar veita. Kiddi kokkur fór yfir komandi framkvæmdir sem gerða verða í mötuneytinu. Eigum von á flæðilínu og vonandi fáum við skömmunarborð.
4. Sóley Kría fór yfir verkefni nemendaráðs en það sem stendur hæst uppi er árshátíðin sem haldin verður á fimmtudag. Mikið pepp er í gangi þessa dagana fyrir árshátíðina.

Fleira ekki tekið fyrir

Þórunn Rósa Ólafsdóttir ritaði fundargerð